

Fundargerð 38. fundar
Ungmennaráð 30. maí 2016

Mánudaginn 30. maí 2016 kl. 20:00 kom ungmennaráð til fundar í Félagsmiðstöðinni Svítunni.

Fundinn sátu: Sandra Dögg Þrastardóttir, Berglind Dan Róbertsdóttir, Sandra Dís Jóhannesdóttir og Adam Freyr Gunnarsson.

Ragnar Óskarsson boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður ráðsins.

Fundargerð ritaði: Berglind Dan Róbertsdóttir

1. Afnot af bubbluboltum

Lagt fram bréf frá björgunarsveitinni þar sem óskað er eftir afnotum af bubbluboltunum yfir sjómannadagshelgina.

Ungmennaráð samþykkir að lána björgunarsveitinni boltana með því skilyrði að hún taki ábyrgð á boltunum. Einnig með því skilyrði að björgunarsveitin aðstoði ungmennaráð við viðburð síðar í sumar.

2. Viðburðir sumarsins 2016

Rætt um hvaða viðburðum ungmennaráð ætlar að standa fyrir í sumar.

Ákveðið að reyna að halda sjódag, sápubolta, brimbrettanámskeið og paintball.

3. Undirbúningsnefnd fyrir Hafnardaga.

Berglind Dan sem er fulltrúi ungmennaráðs í nefndinni kemst ekki á næsta fund og því þarf að velja annan fulltrúa.

Því miður er engin tæk á að sitja fundinn. Starfsmanni falið að óska eftir fundargerð þegar fundinum er lokið.

Fundi slitið: 20:35